

Sama ár var ákærði dæmdur í 45 daga fangelsi með dómi sakadóms Hafnarfjarðar fyrir brot gegn 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Í þessu máli er ákærði sekur um tvö brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga.

Með vísan til 77. gr. og 255. gr., sbr. 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 þykir refsing ákærða til handa hæfilega ákveðin fangelsi 3 mánuði. Eins og hér stendur á, eru ekki skilyrði til að skilorðsbinda refsinguna.

Þá ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar á meðal málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Árna Grétars Finnssonar hæstaréttarlögmanns, 1.500.00 krónur.

Dóm þennn kvað upp Sigurður Eiríksson dómarafulltrúi.

Dómsorð:

Ákærði, Jón Helgi Bjarnason, sæti fangelsi 3 mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Árna Grétars Finnssonar hæstaréttarlögmanns, 1.500.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 16. júní 1982.

Nr. 11/1980. **Magnús Guðbrandsson**
Sturlaugur Kristjánsson og
Samvinnutryggingar g/t
 (Gunnar M. Guðmundsson hrl.)
 gegn
Kolbrúnu Eggertsdóttur
og gagnsök
 (Gunnar Sæmundsson hdl.).

Bifreiðar. Skaðabótamál. Missir framfærandar. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Magnús P. Torfason.

Aðaláfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. janúar 1980. Krefjast þeir sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði með stefnu 24. júní 1980, að fengnu áfrýjunarleyfi 13. s. m. Hún fékk gjafvörn fyrir Hæstarétti með bréfi dómsmálaráðherra 30. apríl 1980. Dómkröfur hennar eru þær, að aðaláfrýjendum verði in solidum dæmt að greiða henni 29.702.18 krónur með 13% ársvöxtum af 29.652.18 krónum frá 7. mars 1976 til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 15. s. m., 34.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., 39.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á., 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s. á., 39% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögudags dóms í málinu og síðan hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir eru á hverjum tíma, til greiðsludags. Þá krefst gagnáfrýjandi málskostnaðar fyrir báðum dómum, eins og eigi væri um gjafsókn að ræða.

Gagnáfrýjandi var einstæð móðir, er sonur hennar, Magnús Sævar, fæddur 2. desember 1952, féll frá í bifreiðarslysi hinn 7. mars 1976, svo sem greint er í héraðsdómi. Viðurkenna aðaláfrýjendur, að þeir séu skaðabótaskyldir gagnvart gagnáfrýjanda vegna andláts Magnúsar Sævars, en bera bríður á einstakar bótakröfur, eins og rakið er í héraðsdómi. Eru bótakröfur gagnáfrýjanda reistar á ákvæði 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 um bætur fyrir missi fyrirvinnu.

Gagnáfrýjandi hafði á framfæri sínu tvær dætur, 10 og 11 ára, er framangreindur einkasonur hennar andaðist. Þriðja dóttirin var þá 17 ára og enn við nám og hin fjórða 21 árs. Sonur gagnáfrýjanda var framfærsluskyldur við hana samkvæmt 6. gr. framfærslulaga nr. 80/1947. Gögn máls sýna, að hann hafði góðar vinnutekjur næstu árin áður en hann dó. Lagði hann nokkurt fé til heimilisins, og var ekkert, sem benti til þess, að úr þeim fjárstyrk hefði dregið

til frambúðar, ef honum hefði enst aldur. Ætla verður, að gagnáfrýjanda hafi verið þörf á fjárstyrk frá syni sínum, svo sem heimilishögum hennar var háttað og aðstæðum að öðru leyti. Að svo vöxnu þykir eiga að staðfesta þá niðurstöðu hins áfrýjaða dóms, að gagnáfrýjandi eigi tilkall til fébóta úr hendi aðaláfrýjenda með stoð í 264. gr. almennra hegningarlaga. Þykja fébætur hæfilega ákveðnar 10.000.00 krónur.

Staðfesta ber úrlausn héraðsdóms um kröfu gagnáfrýjanda vegna kaupa á legsteini og áletrunar á hann, og nemur hún 628.00 krónum. Krafa gagnáfrýjanda, er stafar af kostnaði við flutning á legsteini, þykir í hóf stillt, og ber að taka hana til greina, en sú krafa nemur 150.00 krónum. Rétt þykir að dæma aðaláfrýjendur til að greiða gagnáfrýjanda 600.00 krónur vegna annars þess kostnaðar við útför Magnúsar heitins Sævars, sem krafa hennar lýtur að. Úrlausn héraðsdóms um 3. kröfulið er staðfest með vísan til forsendna dómsins.

Málalok verða samkvæmt þessu þau, að aðaláfrýjendum er dæmt að greiða gagnáfrýjanda óskipt 11.378.00 krónur ásamt ársvöxtum, eins og krafist er fyrir Hæstarétti, af 10.600.00 krónum frá 6. mars 1976, en af 11.378.00 krónum frá 22. júní s. á.

Aðaláfrýjendur greiði óskipt 8.650.00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, er renni í ríkissjóð. Allur gjafsóknarkostnaður gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hennar fyrir báðum dómum, samtals 8.500.00 krónur.

D ó m s o r ð :

Aðaláfrýjendur, Magnús Guðbrandsson, Sturlaugur Kristjánsson og Samvinnutryggingar g/t, greiði gagnáfrýjanda, Kolbrúnu Eggertsdóttur, óskipt 11.378.00 krónur með 13% ársvöxtum af 10.600.00 krónum frá 6. mars 1976 til 22. júní s. á., af 11.378.00 krónum frá þeim degi til 21. nóvember 1977, með 16% ársvöxtum

frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júní s. á., 34.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., 39.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á., 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s. á., 39% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa og síðan með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, til greiðsludags.

Aðaláfrýjendur greiði óskipt 8.650.00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, er renni í ríkissjóð.

Allur gjafsóknarkostnaður gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hennar, Gunnars Sæmundssonar héraðsdómslögmanns, fyrir báðum dómum, samtals 8.500.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

**hæstaréttardómaranna Björns Sveinbjörnssonar
og Magnúsar P. Torfasonar.**

Magnús Sævar Viðarsson var sjómaður að atvinnu, er hann beið bana hinn 7. mars 1976. Hann átti heimili hjá móður sinni, gagnáfrýjanda máls þessa. Hafði hann þar herbergi svo og allan viðurgerning, er hann var í landi. Fjarvistir hans frá heimilinu voru að vísu töluverðar vegna atvinnu hans, en þær virðast þó ekki hafa numið fullum helmingsi hvers árs, ef undan er skilið árið 1975. Er frá þessu nánar greint í hinum áfrýjaða dómi.

Magnús Sævar greiddi ekki fyrir húsnæði sitt og viðurværi að öðru leyti en því, að óumdeilt er, að hann annaðist

fyrir heimilið greiðslu á reikningum vegna rafmagnsnotkunar og svo olíu til upphitunar. Auk þess telur gagnáfrýjandi hann hafa veitt sér einhverja aðstoð til að kaupa kjótmæti og slátur á haustin.

Um fjárhæð framangreindra greiðslna komu engin gögn fram fyrir héraðsdómi. Við munnlegan flutning máls fyrir Hæstarétti var hins vegar lagt fram af hendi gagnáfrýjanda vottorð Rafmagnsveitu Siglufjarðar um rafmagnskostnað í húsinu Suðurgötu 22 árin 1974 og 1975. Nam rafmagnskostnaðurinn samkvæmt vottorðinu samtals 76.244.00 krónum bæði árin. Samtímis lagði gagnáfrýjandi fram tvö reikningsyfirlit frá Oliuverslun Íslands h/f. Sýna þau, að innborganir á viðskiptareikning vegna olíukaupa til hússins Suðurgötu 22 hafa numið 62.724.30 krónum árið 1974, en 89.211.00 krónum árið 1975. Ef gögn þessi, sem aðaláfrýjendur þó hafa mótmælt sem of seint fram komnum, væru lögð til grundvallar og rafmagnskostnaðinum skipt jafnt á bæði ár, hafa umræddar greiðslur Magnúsar Sævars numið alls 100.846.30 krónum ($38.122.00 + 62.724.30$) árið 1974, en 127.333.00 krónum ($38.122.00 + 89.211.00$) árið 1975.

Þegar framangreint er virt svo og það, að engar upplýsingar liggja fyrir í málinu um aðstoð, sem gagnáfrýjandi telur Magnús Sævar hafa veitt sér til kaupa á haustmat, hafa ekki verið leiddar að því líkur, að greiðslur Magnúsar Sævars vegna heimilishalds gagnáfrýjanda hafi numið meiru en hóflegu endurgjaldi fyrir húsnæði og viðurværi hans sjálfs. Var hann því ekki framfærandi gagnáfrýjanda við andlát sitt. Þegar enn fremur er gætt aldurs gagnáfrýjanda, annarra haga hennar og möguleika á að sjá sér farborða, þykir ekkert það komið fram, sem veiti ástæðu til að ætla, að reynt hefði síðar á hina takmörkuðu framfærsluskyldu Magnúsar Sævars gagnvart henni, sbr. 6. gr. laga nr. 80/1947. Verður krafa gagnáfrýjanda um bætur vegna missis framfæranda samkvæmt þessu ekki tekin til greina, en eins og málið er lagt fyrir dómstóla, koma fébætur samkvæmt 2. mgr. 264. gr. laga nr. 19/1940 ekki til álita að öðru leyti.

Krafa gagnáfrýjanda um bætur vegna útfararkostnaðar

er engum gögnum studd öðrum en reikningi vegna kostnaðar við smíði legsteins. Þann kostnað sem og kostnað við flutning á legsteini verða aðaláfrýjendur þó ekki dæmdir til að greiða, sbr. Hrd. 1955, bls. 437. Samkvæmt framan-sögðu og með hliðsjón af því, sem fram er komið um útfararkostnað almennt á þeim tíma, sem hér skiptir máli, verður að telja, að gagnáfrýjandi hafi þegar fengið útfararkostnaðinn bættan með þeim 160.000.00 krónum, sem aðaláfrýjandi Samvinnutryggingar g/t hefur greitt henni. Ber því einnig að sýkna aðaláfrýjendur af þessum þætti kröfugerðarinnar.

Við teljum rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður, en erum sammála atkvæði meiri hluta dómenda um gjafsóknarkostnað og ákvörðun gjafsóknarlauna.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 7. nóvember 1979.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 12. f. m., hefur Kolbrún Eggertsdóttir, Suðurgötu 22, Siglufirði, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 18. september 1978, á hendur Magnúsi Guðbrandssyni bifvélavirkja, Hólavegi 5, Sturlaugi Kristjánssyni bifreiðarstjóra, Laugavegi 5, báðum á Siglufirði, og Samvinnutryggingum g/t, hér í borg, til óskiptrar greiðslu á kr. 2.970.218 með 13% ársvöxtum af kr. 2.965.218 frá 7. mars 1976 til 21. nóvember 1977, með 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978 og með 19% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og til óskiptrar greiðslu málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Hinn 2. ágúst 1978 veitti dómismálaráðherra stefnanda gjafsóknarleyfi í máli þessu.

Stefndu krefjast sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómarans.

Málavextir eru þeir, að aðfaranótt sunnudagsins 7. mars 1976 var bifreiðin X 3216, sem er hópferðabifreið í eigu stefndu Magnúsar og Sturlaugs, á leið frá Hofsósi til Siglufjarðar fullsetin farþegum, er verið höfðu á dansleik á Hofsósi. Meðal farþega í bifreiðinni var Magnús Sævar Viðarsson, sonur stefnanda, og til heimilis að Suðurgötu 22 á Siglufirði. Var Magnús fæddur 2. desember 1953. Er bifreiðin var í jarðgöngunum um Stráka-

fjall varð bilun í stýri hennar, og varð það óvirkt. Ökumaður bifreiðarinnar stöðvaði hana og fór út úr henni ásamt stefnda Sturlaugi til að athuga, hvað komið hafði fyrir. Ekki munu þeir hafa getað greint, hvað valdið hafði biluninni, en þeir munu hafa ákveðið að láta bifreiðina síga út úr göngunum, en hún var komin nærri austurenda þeirra, er bilunin varð. Mun ökumaðurur bifreiðarinnar hafa sest undir stýri á ný og ekið bifreiðinni út úr göngunum í fyrsta gír, en stefndi Sturlaugur mun hafa gengið á eftir. Er bifreiðin var komin út úr jarðgöngunum, mun ökumaðurinn hafa reynt að stöðva hana með því að beita fót- og handhemlum, en er það bar ekki árangur, mun hann hafa reynt að stöðva hana með því að setja hana í afturábak gír, en það hafi ekki tekist. Á meðan bifreiðin rann áfram, opnaði ökumaðurinn dyrnar á bifreiðinni og kallaði til farþeganna að hraða sér út úr henni. Á meðan þessu fór fram, mun bifreiðin hafa runnið um 52 m frá munna jarðgangnanna, en þá fór hún út af veginum og stöðvaðist loks um 100 m neðar í fjallshlíðinni. Áður en bifreiðin fór út af veginum, tókst öllum farþegunum nema Magnúsi Sævari að komast út úr henni. Fannst hann látinn sem næst miðja vegu milli vegarins og bifreiðarinnar, þar sem hún stöðvaðist. Samkvæmt læknisvottorði mun Magnús Sævar hafa látist samstundis af völdum áverka, sem hann hlaut við bílveltuna. Bifreiðin X 3216 var tryggð lögboðinni ábyrgðartryggingu hjá stefnda Samvinnutryggingum g/t.

Í máli þessu krefur stefnandi stefndu um bætur fyrir missi fyrirvinnu, sem hún hafi orðið fyrir við lát Magnúsar Sævars, svo og útfararkostnað.

Fjárhæð dómkrofu stefnanda er sundurliðuð þannig:

- | | |
|---|---------------------|
| 1. Bætur fyrir missi fyrirvinnu | kr. 2.796.032 |
| 2. Útfararkostnaður | kr. 329.186 |
| ÷ Greiðsla Samvinnutrygginga | — 160.000 — 169.186 |
| 3. Greitt tryggingafræðingi aðstoð við ákvörðun kröfugerðar | — 5.000 |

Kr. 2.970.218

Stefnandi málsins, Kolbrún Eggertsdóttir, hefur skýrt svo frá, að Magnús Sævar hafi verið einhleypur og hafi hann búið á heimili hennar og haft þar sérherbergi. Er hann lést, hafi hann verið skipverji á b/v Stálvík frá Siglufirði. Magnús Sævar hafi að vísu ekki verið bindindismaður, en hann hafi aldrei misst úr

vinnu þrátt fyrir það. Kolbrún kveður framlög Magnúsar Sævars til heimilisins hafa verið þau, að hann hafi greitt hitunar- og rafmagnskostnað íbúðarinnar. Þá hafi hann einnig hjálpað henni við innkaup á haustin, en hún eigi frystigeymslu, sem hún fylli af kjöti og sláturafurðum á haustin. Þá hafi þau bæði hjálpast að við að styrkja elstu dóttur hennar, sem verið hafi í skóla. Hann hafi einnig verið stoð og stytta dótturdóttur hennar, sem dvaldi á heimilinu. Kolbrún kveðst hafa skilið við eiginmann sinn í nóvembermánuði 1967 og hafi hún þá fengið í sinn hlut íbúð þá, sem fjölskyldan hafi búið í, en hún hafi ekki fengið aðrar greiðslur úr hendi mannsins. Hún kveðst á undanförunum árum hafa kennt handavinnu við Barnaskóla Siglufjarðar, fyrst í tímavinnu, en 1974 hafi hún fengið fast starf við þá kennslu hálfan daginn. Hún hafi ekki lokið kennaranámi, en sótt námskeið til undirbúnings starfinu og taki hún laun samkvæmt 11. launaflokki. Einnig kveðst hún stunda ræstingu í skólanum.

Hannes Baldvinsson, sem búsettur er á Siglufirði, hefur skýrt svo frá sem vitni, að sökum fjölskyldutengsla hafi hann verið nokkuð kunnugur högum Kolbrúnar, áður en Magnús Sævar lést. Hann hafi þó ekki þekkt Magnús Sævar fremur en almennt gerist og hafi hann ekki vitað, hvort hann lagði eitthvað til heimilisins. Sér hafi ekki virst heimili Kolbrúnar skorta neitt og hafi hann talið, að hún nyti aðstoðar auk þeirra tekna, sem hún vann fyrir. Hafi legið beinast við að ætla, að sonur hennar og elsta barn hennar aðstoðaði móður sína við að framfleyta fjölskyldunni.

Krafa stefnanda um bætur fyrir missi fyrirvinnu er byggð á því, að Magnús Sævar hafi verið önnur aðalfyrirvinna heimilis móður hans og barna hennar. Stefnandi og eiginmaður hennar hafi átt fimm börn, Magnús Sævar og fjórar dætur, sem fæddar séu á árunum 1957, 1959, 1964 og 1965. Þau hjónin hafi skilið fyrir rúmum áratug og hafi maðurinn flust til útlanda, þar sem hann hafi látist árið 1977. Við skilnaðinn hafi stefnandi fengið í sinn hlut íbúð, sem fjölskyldan bjó í. Eftir skilnaðinn hafi stefnandi haldið heimili fyrir börn sín. Elsta dóttirin hafi svo stofnað sitt eigið heimili. Magnús Sævar hafi verið elstur systkinanna og hafi honum fundist hann eiga að koma í stað heimilisföðurins. Eftir að hann fór að afla tekna, muni verulegur hluti þeirra hafa runnið til heimilishaldsins, enda hafi hann verið einhleypur og ekki fjárfest í öðru en ódýrri bifreið. Hafi Magnús Sævar því hjálpað móður sinni til að sjá heimilinu farborða.

Er dauða Magnúsar Sævars bar að höndum, hafi hann verið skipverji á b/v Stálvík frá Siglufirði og hafi tekjur hans 1975 verið helmingi hærri en móður hans. Magnús Sævar hafi í raun framfært fjölskylduna að hluta og hafi móðir hans mátt gera ráð fyrir áframhaldandi aðstoð hans, ef hann hefði lifað. Að lögum hvíli gagnkvæm framfærsluskylda á foreldrum og börnum, en eins og tekjumöguleikum kvenna sé háttað, séu meiri líkur til, að stefnandi hefði notið styrks frá Magnúsi Sævari en hann frá henni. Krafa stefnanda um greiðslu útfararkostnaðar að fullu er byggð á því, að þennan kostnað beri stefndu að bæta að fullu, en hann hafi numið kr. 329.186. Af þeirri fjárhæð hafi Samvinnutryggingar g/t greitt kr. 160.000, en mismunurinn hafi ekki fengist greiddur.

Þá er síðasti liður kröfugerðar stefnanda byggður á því, að nauðsynlegt hafi verið að leita aðstoðar tryggingafræðings við ákvörðun kröfugerðar um bætur skv. 1. lið.

Af hálfu stefndu er ekki vefengt, að þeir beri að lögum fébótaábyrgð á bótaskyldum afleiðingum slyssins, er Magnús Sævar lést. Hins vegar er því haldið fram og sýknukrafa á því reist, að annað tjón af völdum slyssins en það, sem þegar hefur verið bætt, þ. e. venjulegur útfararkostnaður, sé ekki bótaskyld.

Því er haldið fram um fyrsta lið kröfugerðar stefnanda, að ekki hafi verið leiddar að því sönnur, að Magnús Sævar hafi verið framfærandi stefnanda. Þvert á móti sé gild ástæða til að ætla, þegar gögn málsins eru virt, að stefnandi hafi verið fjárhagslega sjálfstæð. Að visu megi ætla, að Magnús Sævar hafi lagt nægilega til heimilis móður sinnar vegna búsetu sinnar þar, fæðis, þjónustu og þess háttar. Hins vegar sé ekki ástæða til að ætla, að þar hafi verið um að ræða meira en greiðslu á kostnaði. Góðar atvinnutekjur hans fyrir slysið skeri ekki úr um þetta efni. Beri að hafa í huga, að næsta algengt sé, að ungt fólk á aldri Magnúsar Sævars, er hann féll frá, eigi nóg með sjálft sig fjárhagslega, þótt það hafi góðar tekjur. Einnig geti stofnun eigin heimilis verið á næsta leyti. Við mat á atriði því, sem hér er til úrlausnar, beri að leggja höfuðáhersluna á það, hvort hagar stefnanda séu slíkir, að hún geti séð sér og framfærsluskyldum börnum sínum farborða. Í því sambandi beri og að líta til þess, að samkvæmt framfærslulögum séu börn skyld að aðstoða foreldra sína að því marki, að þeim sé skylt að ala önn fyrir þeim, ef þau eru um það fær og að því leyti sem þörf er. Um stefnanda sé það að segja, að hún hafi verið 39 ára, er sonur

hennar féll frá. Samkvæmt skattframtölum eigi hún eigin íbúð, þar sem hún býi. Hún sé sem næst skuldlaus. Ekki sé vitað annað en hún sé heilsuhraust og hafi að minnsta kosti unnið fyrir meðaltekjum reglulega næstu árin fyrir slysið og hún hafi nú góða atvinnu. Þá séu tvær af dætrum hennar uppkomnar og hinar komnar vel á legg. Er því haldið fram, að ósannað sé, að Magnús Sævar hafi verið fyrirvinna stefnanda eða framfærandi heimilis hennar. Því hafi stefnandi ekki misst framfæranda við fráfalið sonar síns og sé ekki fyrir hendi bótaréttur byggður á þeim grundvelli, sbr. 2. mgr. 264. gr. laga nr. 19/1940, og ekki sé heldur um að ræða bótarétt fyrir röskun á stöðu og höfum skv. niðurlagsákvæði sömu málsgreinar. Af hálfu stefndu er fjárhæð þessa hluta kröfugerðar stefnanda einnig mótmælt sem allt of hárrí og órökstuddri. Fjárhæðin sé byggð á því, hverjar bætur stefnandi hefði fengið samkvæmt samningsbundinni slysa-tryggingu og á grundvelli 35. gr. laga um almannatryggingar, ef Magnús Sævar hefði látið lífið í vinnuslysi. Slíkur samanburður eigi ekki við rök að styðjast.

Því er haldið fram að því er varðar útfararkostnað í kröfugerð stefnanda, að Samvinnutryggingar g/t hafi þegar greitt kr. 160.000 til fullnustu venjulegs útfararkostnaðar og hafi ekki staðið á þeirri greiðslu. Mismunur á þeirri fjárhæð og útfararkostnaði samkvæmt kröfugerð stefnanda, þ. e. kr. 169.186, sé kostnaður við erfisdrykkju og kostnaður við legstein. Þau gjöld séu umfram venjulegan útfararkostnað og beri stefndu ekki að greiða þær fjárhæðir. Útfararkostnaður sé alveg sérstakur að því leyti, að hann falli til við lát hvers manns og komi því til sögunnar fyrr eða seinna. Af því meðal annars sé því ástæðulaust að telja til útfararkostnaðar í þessu samhengi annað og meira en það, sem séu nauðsynleg og hefðbundin útgjöld, þ. e. hinn almenna útfararkostnað.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að með öllu hafi verið óþarft að leita aðstoðar tryggingafræðings til að finna grundvöll fyrir fjárhæð kröfu stefnanda samkvæmt 1. kröfuflið. Því sé kostnaður því samfara stefndu óviðkomandi.

Fram er komið, að á árinu 1973 námu vinnutekjur stefnanda kr. 374.457, árið 1974 voru þær kr. 529.620, og árið 1975 námu þær kr. 666.851, en meðlag og mæðralaun námu kr. 426.000. Árið 1976 námu vinnutekjur stefnanda kr. 899.532 og mæðralaun kr. 109.831. Stefnandi taldi ekki fram til skatts á árinu 1978, og voru tekjur hennar 1977 áætlaðar af skattayfirvöldum kr.

1.200.000. 1978 námu vinnutekjur stefnanda kr. 2.060.975 og mæðralaun kr. 109.831.

Einnig er fram komið, að vinnutekjur Magnúsar Sævars árið 1973 námu kr. 545.250, 1974 námu þær kr. 518.644 og árið 1975 kr. 1.579.976.

Stefnandi hlaut arf eftir son sinn, og nam hann að frádregnum skuldum kr. 164.118.

Af skattframtölum Magnúsar Sævars kemur fram, að hann hefur meðal annars stundað sjómennsku og að hann hafi árið 1973 verið á sjó í 20 vikur, 23 vikur árið 1974 og 47 vikur árið 1975. Er ágreiningslaust, að hann hafi verið skipverji á b/v Stál-vík, er hann lést.

Verður nú tekin afstaða til einstakra liða í dómkröfu stefnanda.

Um 1. Við lát Magnúsar Sævars stóð móðir hans eftir með þrjú yngstu börnin, dæturnar Vilborgu Rut 12 ára, Þóru 13 ára og Guðnýju Ólöfu 17 ára. Hefur hún lýst högum sínum, og einnig hafa þeir komið fram í skjölum málsins, svo sem rakið hefur verið. Hún hefur skýrt frá því, í hverju framlög Magnúsar Sævars til heimilisins voru fólgin. Fram er komið, að Magnús Sævar hefur dvalið langtímum saman við vinnu sína á fiski-skipum, þar sem ætla má, að hann hafi fengið viðurværi sitt. Það liggja að vísu ekki fyrir upplýsingar um það, hverjum fjárhæðum framlög Magnúsar Sævars til heimilisins hafa numið. Þrátt fyrir það þykir mega telja, að hann hafi stutt móður sína við að sjá heimilinu farborða og að svo hefði enn orðið um skeið, á meðan yngri dæturnar voru að komast til frekari þroska. Þyk-ir mega líta svo á, að við lát Magnúsar Sævars hafi móðir hans misst framfæranda í skilningi 264. gr. laga nr. 19/1940 og eigi hún samkvæmt því rétt á bótum úr hendi stefndu. Með þessum kröfulið er krafist bóta fyrir tjón, sem stefnandi telur sig hafa orðið fyrir við lát sonar síns. Verður fjárhæð bóta samkvæmt þessum lið ekki byggð á því, hver fjárhagsstaða stefnanda hefði orðið, ef Magnús Sævar hefði látist við aðrar aðstæður, þ. e. ef um vinnuslys hefði verið að ræða. Bætur sem þessar verður að meta eftir ástæðum tjónþola hverju sinni. Með hliðsjón af því, sem fram er komið um framlög Magnúsar Sævars til heimilis móður sinnar og aðstæður hennar, þykja bætur samkvæmt þess-um lið hæfilega ákveðnar kr. 600.000.

Um 2. Kröfuliður þessi byggist á því, að af hálfu stefndu hafi ekki verið fallist á að greiða kostnað við erfisdrykkju eftir Magn-

ús Sævar og kostnað við legstein á leiði hans. Stefndi Samvinnu-tryggingar g/t hefur þegar greitt kr. 160.000 í útfararkostnað. Hafa mótmæli gegn þessum kröfulið þegar verið rakin hér að framan. Til samanburðar hafa verið lögð fram gögn af hálfu stefndu um útfararkostnað við Kirkjugarða Reykjavíkur í mars 1976, en án kostnaðar við erfisdrykkju og legstein. Nemur hann kr. 48.850. Þykir samanburður þessi ekki vera einhlítur við ákvörðun eðlilegs útfararkostnaðar á Siglufirði. Krafan um kostnað við erfisdrykkju er ekki studd gögnum. Með hliðsjón af mótmælum, sem fram hafa komið af hálfu stefndu, þykir því ekki unnt að taka þennan þátt í kröfugerð stefnanda til greina. Fram eru komin gögn um kaup á legsteini á leiði Magnúsar Sævars og áletrun á hann, samtals kr. 62.874. Frágangur á leiði er eðlilegur útfararkostnaður, þar með talin kaup á venjulegum legsteini og áletrun á hann. Hefur ekki verið sýnt fram á, að fjárhæð sú, sem hér er krafist, sé óeðlilega há, og verður hún því tekin til greina. Hluti fjárhæðar þessa kröfuliðar er kostnaður við flutning legsteins frá Reykjavík til Siglufjarðar. Ekki liggja fyrir gögn um þennan kostnað, og þykir því ekki unnt að taka hann til greina með hliðsjón af mótmælum, sem fram hafa komið af hálfu stefndu. Samkvæmt þessu verður kröfuliður þessi tekinn til greina með kr. 62.874.

Um 3. Samkvæmt þessum kröfulið er krafist greiðslu kostnaðar við aðstoð tryggingafræðings til að leggja grundvöll að kröfugerð undir 1. kröfulið kröfugerðar stefnanda. Mótmæli gegn þessum kröfulið hafa þegar verið rakin. Aðstoð þessi var annars vegar fólgin í því að láta í té upplýsingar um bætur, sem komið hefðu til, ef Magnús Sævar hefði látist af völdum vinnuslyss. Hins vegar var aðstoðin fólgin í því að reikna verðgildi bóta, sem dæmdar voru í máli um hliðstætt efni með dómi Hæstaréttar í málinu nr. 39/1942, sem kveðinn var upp 27. janúar 1943. Eins og áður er rakið, verður ekki á því byggt, hverjar bætur hefðu fallið til stefnanda, ef Magnús Sævar hefði látist af völdum vinnuslyss. Ákvörðun bóta, sem fjallað er um í 1. kröfulið kröfugerðar stefnanda, byggist á málsatvikum í hverju máli. Gegn mótmælum, sem fram hafa komið af hálfu stefndu, þykir því ekki unnt að taka kröfulið þennan til greina.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, verða úrslit málsins þau, að stefndu verða dæmdir til að greiða stefnanda einn fyrir alla og allir fyrir einn kr. 662.874 með 13% ársvöxtum af kr. 600.000 frá 6. mars 1976 til 22. júní s. á., af kr. 662.874 frá

þeim degi til 21. nóvember 1977, með 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978 og með 19% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá greiði stefndu og einn fyrir alla og allir fyrir einn málskostnað, sem ákveðst kr. 225.000, og skal hann renna í ríkissjóð.

Kostnaður stefnanda af rekstri máls þessa greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningsþóknun skipaðs talsmanns stefnanda, Gunnars Sæmundssonar héraðsdómslögmanns, kr. 210.000.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Magnús Guðbrandsson, Sturlaugur Kristjánsson og Samvinnutryggingar g/t, greiði einn fyrir alla og allir fyrir einn stefnanda, Kolbrúnu Eggertsdóttur, kr. 662.874 með 13% ársvöxtum af kr. 600.000 frá 6. mars 1976 til 22. júní s. á., af kr. 662.874 frá þeim degi til 21. nóvember 1977, með 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978 og með 19% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndu greiði einn fyrir alla og allir fyrir einn kr. 225.000 í málskostnað, er renni í ríkissjóð.

Kostnaður stefnanda af rekstri málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málssóknarlaun skipaðs talsmanns stefnanda, Gunnars Sæmundssonar héraðsdómslögmanns, kr. 210.000.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.
